

PCC Bakki Silicon hf.
Bakki
640Húsavík

Reykjavík, 15. janúar 2021
UST202002-107/H.E.
08.07.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3.11.2020, hjá PCC Bakki Silicon hf. - Húsavík

Þann 3.11.2020 og fór fram eftirlit í kísilverksmiðju PCC Bakka Silicon hf. á Bakka við Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldri frávik sbr. bréf dags. 4. desember sl.

Premur ábendingum var komið á framfæri varðandi upplýsingar um ráðstöfun kísilryks og annars úrgangs í viðurkennda farvegi sem og að halda efnisstraumum aðskildum til að lágmarka úrgang og auka endurnýtingar/vinnslumöguleika hans.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.15 í starfsleyfi. Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins.
2. Gr. 3.17 í starfsleyfi. Í síðasta eftirliti var fjallað um neyðarráðstöfun kísilryks í gryfju á lóð PCC. Í skoðunarferðinni var staðfest að hreinsun kísilryksins er ekki lokið. Varanleg geymsla eða urðun úrgangs er óheimil skv. starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29.1.2021.

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir

Steinunn Karlsdóttir